



Samtök foreldra leikskólabarna í Reykjavík

11

Reykjavík, 20. apríl 2011

Hæstvirti Jón Gnarr, borgarstjóri Reykjavíkur

Efni: Opið bréf til borgarstjóra vegna ummæla hans á Borgarstjórnarfundum í gær

Ég geri athugasemd við ummæli þín borgarstjóri, á fundi Borgarstjórnar í gær, þegar umræður fóru fram um að samþykkja umfangsmestu aðför að leikskóla- og menntakerfi borgarinnar sem um getur. Ég geri athugasemd og óska skýringa og afsökunarbeiðni af þinni hálfu vegna ummæla þinna.

Það er gjörsamlega ótækt að Borgarstjóri tali niður til kjósenda sinna, sem hann þiggur umboð sitt frá, með þeim hætti sem þú gerðir í gær, þegar þú lýstir því yfir að foreldrar í borginni séu handbendi einhvers eins flokks í borginni (Sjálfstæðisflokksins), og að afstaða þeirra gegn sameiningum menntastofnana sé tilkomin vegna afskipta stjórn málaflakks í minnihluta.

Ég vil benda þér á borgarstjóri að foreldrar í borginni eru fullkomlega færir um að mynda sér skoðun á málefnum barna sinna og hafa hingað til ekki látið stýrast af einhverri flokkapólitík um hvað sé börnum þeirra fyrir bestu. Þessi ummæli fela í sér að þú teljir foreldra ekki hæfa til að mynda sér skoðun á málinu og að afstaða þeirra endurspeglar pólitískt hagsmunapot.

Þetta er gróf móðgun við alla foreldra og félög foreldra í borginni og móðgun við þeirra vönduðu umsagnir og ályktanir, en 90% umsagna frá foreldrum lýstu neikvæðu viðhorfi til sameininga auk þess sem hátt á 12. þúsund manns tjáðu andstöðu sín gegn sameiningum á börn.is.

Ég fer því fram á formlega afsökunarbeiðni þína við foreldra í borginni.

Virðingarfyllt,

Rósa Steingrímsdóttir,
formaður Barnanna okkar, samtök foreldra leikskólabarna í Reykjavík
www.borninokkar.is